

LEIKSKÓLINN DALUR

Starfsáætlun 2019-2020





Sóley Gyða Jörundsdóttir leikskólastjóri
Sonja Margrét Halldórsdóttir aðstoðarleikskólastjóri

Starfsáætlun 2019-2020



- 3 Inngangur
- 4 Um leikskólann
- 5 Starfsáætlun
- 8 Starfsmenn
- 10 Börn
- 11 Foreldrasamstarf
- 12 Samstarf
- 13 Mat og matsaðferðir
- 15 Öryggismál
- 16 Lokaorð





Áhersla er á vellíðan barnanna og starf sem kemur þeim til góða, leiðir til aukins vaxtar og þroska. Með umgengni við aðra læra börnin undirstöðuatriði í samskiptum og þroska félagsfærni sína og sjálfsmynd.

2

Um leikskólann

2.1

Gerð leikskólans - húsnæði - lóð - rými

Dalur er fjögurra deilda leikskóli þar sem boðið er upp á sveigjanlegan dvalartíma. Tvær deildir, Gula og Rauða lind, eru fyrir þriggja til fimm ára börn og eru 25 börn á hvorri deild. Tvær deildir eru fyrir tveggja til þriggja ára börn. Á Grænu lind eru 17 börn og á Bláu lind 15 börn.

Leikskólinn er 613 m² að flatarmáli, leikrými er 293 m² og flatarmál lóðar er 2478 m². Heildarrými pr. barn er 7,5 m², leikrými er 3,5 m² og lóðarrými er 30,21 m².

Viðhald starfsárið 2018–2019

Skápar settir í sérkennsluherbergi.
Kaffistofa, skrifstofa og spilastofa málaðar.
Upp kom mygla í spilastofu og skrifstofu og var ráðin bót á því.
Ýmsar smáviðgerðir.
Opnanlegt fag í glugga á Gulu lind.
Felliborð sett upp á Rauðu lind.
Nýr sófi keyptur fyrir deildarhlað.
Þrjár nýjar fartölvur.

2.2

Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur

Unnið er eftir lögum um leikskóla, aðalnámskrá og skólanámskrá Dals. Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum.

Í leikskólanum er talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Áhersla er á vellíðan barnanna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins, náms- og þroskaleið barna.

Samskipti eru grundvallarþáttur í öllu starfi leikskólans og lögð er áhersla á mikilvægi þess að vanda til þeirra. Með umgengni við aðra læra börnin undirstöðuatriði í samskiptum og þroska félagsfærni sína og sjálfsmynd.

Til að börnin fái sem bestu fyrirmyndirnar og geti tileinkað sér góð samskipti og vinnubrögð er mikilvægt að starfsaðferðir í leikskólanum séu samræmdar og sameiginleg viðhorf séu ríkjandi hvað varðar börnin og starfið.

Lögð er áhersla á að gera hlutina einfalda og halda stöðugleika í starfi.



Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dyra sem utan.

3 Starfsáætlun 2019 - 2020

3.1 Skólastarfið

Þema skólaársins verður áfram samskipti og læsi með áherslu á að vinna með *Lubbi finnur málbein* og vináttuverkefni Barnaheilla um *Blæ*. Hópastarf verður tvisvar í viku fyrir hvern aldurshóp. Unnið er í litlum hópum og vinnan miðuð við aldur og þroska barnanna í hópnum.

Hefðir leikskólans verða óbreyttar, svo sem dagur íslenskrar tungu/afmæli Lubba, jóladagskrá, dagur leikskólans, þorri, öskudagur og afmæli leikskólans. Hver deild á einn dag í sal og annan í listaskóla og getur hún þá nýtt þau svæði bæði fyrir og eftir hádegi.

Lögd verður áhersla á að:

- Gera umhverfið meira læsishvetjandi.
- Vinna með *Vináttuverkefni* Barnaheilla.
- Vinna með *Lubbi finnur málbein*.
- Þema fyrir yngri börnin verði áfram *ég sjálfur* þar sem heimaþekking (*hvað heitir þú, fjölskyldan þín og hvar áttu heima*), grunnlitir og form verða í fyrirrúmi. Læra um líkama sinn og nánasta umhverfi, efla sjálfsvitund, samskipti og samhug.
- Kennarar séu góðar fyrirmyndir, vandi mál sitt og setji orð á athafnir.
- Kenna börnunum frágang með þátttöku starfsfólks.
- Fara í styttri ferðir í nágrenni leikskólans.
- Vekja áhuga á náttúru og nánasta umhverfi með tilliti til sjálfbærni.

Aðalnámsskrá leikskóla

Samkvæmt aðalnámsskrá leikskóla (2011) eru sex námssvið í leikskólum og eiga þessi námssvið að vera samþætt og samofin öllu starfi í leikskóla.

Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu.

Námssviðin byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólum.

Námssviðin eru:

Læsi og samskipti
Heilbrigði og vellíðan
Sjálfbærni og vísindi
Sköpun og menning
Lýðræði og jafnrétti.

Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Börn þurfa að kynnst tungumálinu og möguleikum þess sem og öðlast skilning á að ritað mál og að tákni hafi merkingu.

- Unnið er með samskipti í öllu skólastarfi.
- Ritmál er sýnilegt.
- Leikefni er merkt.
- Samverustundir eru að minnsta kosti tvisvar á dag.
- Málörvunarverkefni eru fyrir alla aldurshópa.
- Leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu.
- Lestraráttak er í tengslum við dag íslenskrar tungu.
- Lesið er fyrir börnin að minnsta kosti einu sinni á dag.

Heilbrigði og vellíðan

Börnin læra að tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt matarræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður.

Umhyggja skipar stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin.

- Áhersla á hollt og næringarríkt fæði.
- Útivera að minnsta kosti einu sinni á dag.
- Farnar verði vettvangsferðir eins oft og hægt er.
- Markviss hreyfing í sal einu sinni í viku fyrir hvern hóp.
- Áhersla á góðar hreinlætisvenjur.

Sjálfbærni og vísindi

Markmið með sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti af sjálfbærni.

Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta. Jafnframt ber að yta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

- Börnin fái tækifæri og hvatningu til sjálfshjálpar.
- Auka vitund um umhverfismennt og endurvinnslu.
- Flokka og nýta verðlausan efnivið.
- Hugsa vel um leikskólann úti og inni.
- Frágangur og snyrtimennska verði í fyrirrúmi.



Markmið með lýðræði í leikskólastarfi er að fá barnið til að hafa áhrif á starfið og að það finni að á það sé hlustað. Barnið læri að bera ábyrgð á sjálfu sér og öðlist samkennd.

Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu, sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín.

- Syngja og lesa á hverjum degi.
- Nota þulur, vísur og frásagnir í starfinu með börnunum.
- Nýta þau hljóðfæri sem eru til staðar.
- Nota fjölbreyttan efnivið í myndsköpun.
- Viðhalda íslenskri menningu með fjölbreyttum hætti.

Lýðræði og jafnrétti

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfs-hætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag.

Í leikskóla eru foreldrar, kennarar og börn samstarfsaðilar. Í daglegu starfi leikskóla er lögð áhersla á að börn beri virðingu og

umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu.

Markmið með lýðræði í leikskólastarfi er að fá barnið til að hafa áhrif á starfið og að það finni, að á það sé hlustað. Barnið læri að bera ábyrgð á sjálfu sér og öðlist samkennd.

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðalyndis, víðsýni og jafnréttis.


- Efniviður verði eins aðgengilegur börnum og mögulegt er í handhægum og merktum kössum (á meira við á eldri deildum en yngri).
- Börnin taki þátt í daglegum störfum eins og kostur er, til dæmis að leggja á borð og vera hjónar við matarborð.
- Börnin geti valið hvaða lög eru sungin, hvað er lesið og fleira.
- Lögð er áhersla á að börnin læri að leysa ágreining og læri gildi góðra samskipta.
- Ýta undir að börnin séu virkir þátttakendur í skólastarfinu.
- Börnin meta starfið að vori.
- Foreldrar og starfsfólk fái tækifæri til að tjá sig um skóla-starfið.

Dagskipulag

- Kl. 07:30 – 08:00** Leikskólinn opnar á Rauðu lind
- Kl. 08:00 – 08:30** Allar deildir opna – leikur í heimastofu
- Kl. 08:30 – 09:00** Morgunverður – frjáls leikur
- Kl. 09:00 – 12:00** Samverustund/hópastarf/útivera
- Kl. 12:00 – 12:30** Hádegisverður
- Kl. 12:30 – 13:00** Hvíld, róleg stund
- Kl. 13:00 – 14:30** Frjáls leikur úti – inni
- Kl. 14:30 – 15:00** Síðdegishressing
- Kl. 15:00 – 16:20** Frjáls leikur/samverustundir
- Kl. 16:30** Dalur lokar

Dagskipulag á Bláu lind (það sem er frábrugðið eldri deildum)

- Kl. 11:00 – 11:15** Undirbúningur fyrir hádegisverð - samverustund
- Kl. 11:15 – 11:45** Hádegisverður
- Kl. 11:45 – 14:00** Hvíld – róleg stund



Starfið í leikskóla er sífellt í þróun með tilliti til nýbreytni. Hver leikskóli ákveður hvaða leiðir eru farnar að þeim markmiðum sem fram koma í aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá.

3.2

Menningarviðburðir – ferðir sýningar – hefðir og hátíðir

Á haustönn er bangsadagur/afmæli Blæs, læsismánuður og dagur íslenskrar tungu.

Í desember er undirbúningur fyrir jólin, leiksýning, farið í heim-sókn í Lindakirkju og haldin jólasemmtun.

Á vorönn er þorablót, afa/ömmudagur, dagur leikskólans, stærð-fræðimánuður, öskudagsball, yngismannadagur, yngismeyja-dagur, afmæli leikskólans og viðurkenningahátíð elstu barnanna.

Haldið er upp á afmæli barnanna inni á deildum og dagurinn gerður minnisstæður. Þau fá kórónu og velja sér diskamottu, glas og disk til að hafa í hádeginu og afmælislestin er notuð.

Í samstund í sal á föstudögum er rifjað upp hver voru afmælis-börn vikunnar.

Á sumrin er starfið brotið upp með ýmsum viðburðum svo sem hjóladegi og partýdegi. Sólstöðuhátíð er haldin í lok júní en það er samstarfsverkefni leikskólanna Dals og Núps.

Elstu börn leikskólans fara í ýmsar ferðir svo sem í Hörpu, útskriftaferð og sundnámskeið.

3.3

Þróunar- og nýbreytnistarf

Starfið í leikskólanum er sífellt í þróun með tilliti til nýbreytni. Hver leikskóli ákveður hvaða leiðir eru farnar að þeim markmiðum sem fram koma í aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá.

Vináttuverkefnið Blær fór af stað haustið 2016 og mun það verkefni vera áfram hluti af starfinu.

Veturinn 2018 - 2019 komu ný verkefni í Vináttuverkefni Barna-heilla - Blæ fyrir yngri börnin og er hafin vinna með þau.

Hafin var markviss vinna haustið 2016 með bókina *Lubbi finnur málbein*. Efnið stuðlar að auðugri orðaforða, betri hljóðkerfisvitund, skýrari framburði auk þessa að leggja góðan grunn að lestrarnámi. Verkefnið er enn í þróun og verið að dýpka það í vinnu með börnunum og yngstu börnin fylgja fast á eftir.

3.4

Kynning á leikskólanum

Heimasíða leikskólans er vettvangur til að koma á framfæri fréttum og segja frá þeim viðburðum sem eru í leikskólanum.

Foreldrum, nýju starfsfólki og kennaranemum er bent á að afla sér upplýsinga á heimasíðu leikskólans.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar nýta net-póst til að koma ýmsum upplýsingum til foreldra.

Áður en barn byrjar í leikskólanum fá foreldramir sent heim kynningarrit leikskólans og eru boðaðir á kynningafund. Ef foreldrar komast af einhverjum ástæðum ekki á fundinn er þeim afhent kynningarritið í fyrsta viðtali.

Á foreldrafundi að hausti er kynning á starfi komandi vetrar.

Á afmælisdegi leikskólans er sett upp sýning á afrakstri vetrarins ásamt mati barnanna á starfi leikskólans og foreldrum boðið.

Kynningarmyndband um starf leikskólans var gert á vorönn 2019 og mun það verða sett á heimasíðu leikskólans og nýtt til kynningar fyrir umsækjendur inn á alfred.is.





Lögð er áhersla á að starfsmenn leikskólans vinni sem ein heild og er starfið skipulagt fyrir allan leikskólann í einu.

4

Starfsmenn

4.1

Starfsmannastefna

Góð samvinna, gagnkvæm virðing og samskipti eru undirstaða fyrir vellíðan í starfi og starfsárangur. Góður starfsandi eykur vellíðan allra, bæði starfsmanna og barna og eru allir sameiginlega ábyrgir fyrir góðum starfsanda í leikskólanum. Starfsgleði er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og virðing fyrir uppeldisstarfinu með börnunum er grundvöllur þess að ná árangri í starfi.

4.2

Áherslur í samstarfi

Lögð er áhersla á að starfsmenn leikskólans vinni sem ein heild og er starfið skipulagt fyrir allan leikskólann í einu. Starfsmenn fá yfirleitt sameiginlega fræðslu. Fræðsla og umræða á skipulagsdögum er hluti af þeirri stefnu að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsmönnum gefst kostur á að sækja námskeið er varðar leikskólastarf.

Móttökuáætlun er til staðar fyrir nýja starfsmenn og er þeim afhent til lestrar gögn sem tengjast leikskólanum og starfi hans. Deildarstjóri sér um að kynna starfsmann fyrir deildinni, samstarfsfólki og leiðbeina honum áfram í starfi.

Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári eða oftar ef þörf þykir. Þar gefst starfsmönnum tækifæri til að tjá sig um eigin frammistöðu en jafnframt er þetta tækifæri til samráðs og handleiðslu. Nýta þarf þau tækifæri sem upp koma til að upplýsa starfsmann um framgang hans. Samskipti milli deilda eru eitt af áhersluatriðum í starfinu bæði hvað varðar börn og starfsmenn.

4.3

Samsetning starfsmannahópsins

Í Dal er gert ráð fyrir 16,5 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 40% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50% stöðu sérkennslustjóra og 1,75 stöðugildi í eldhúsi.

Auk þess að vera í stjórnunarstöðu sinnir aðstoðarleikskólastjóri heimasíðu leikskólans, þróunarverkefnum, matseðlagerð og skipulagningu á faglegu starfi og fleiru.

Deildir eru að auki með starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna. Síðasta starfsár voru 20,24

stöðugildi, en þar af 2,23 stöðugildi vegna sérkennslu.

Leikskólaárið 2019 - 2020 munu starfa í Dal auk stjórnenda, fjórir leikskólakennarar með deildarstjórn, fimm leikskólakennarar, þrír leikskólakennaranemar, tveir í meistaranámi við HÍ, sérkennslustjóri og leiðbeinendur.

Kópavogsbær bauð starfsmönnum að fá heilsufarsmælingar sem SÍBS annaðist og einnig bólusetningu gegn flensu fyrir þá sem vildu, sem hjúkrunarfræðingur frá heilsugæslu annaðist.

Starfshópur innan leiksólans svaraði könnun frá landlækni um geðræktarstarf í skólum. Könnunin er liður í vinnu starfshóps sem hefur það að markmiði að setja fram heildstæða áætlun til stjórnvalda um hvernig megi styðja betur við geðrækt í skólum.

Starfsreynsla kennara/starfsmanna Dals í leikskólastarfi

Starfsmenn Dals búa yfir gríðarmikilli reynslu af leikskólastarfi, bæði er starfsaldur hár í Dal og þeir starfsmenn sem þar starfa hafa reynslu af öðrum leikskólum. Starfsmannavelta er tiltölulega lítil sem endurspeglar stöðugleika og starfsánægju.

- Hátt í 46% starfsmanna í Dal hafa á bilinu 20 til 45 ára reynslu af leikskólastarfi. Meðal starfsaldur hópsins er um 7 ár.
- Um þriðjungur starfsmanna Dals hefur undir 3ja ára starfsreynslu í leikskólanum.
- Rúmlega helmingur starfsmanna hefur starfað yfir 5 ár í Dal.
- Þriðjungur starfsmanna hefur starfað yfir 10 ár í Dal.
- Meðal starfsaldur er 6,9 ár.
- Meðal starfsaldur starfsmanna Dals í leikskólum eru 11 ár.
- Fjöldi starfsmanna er 26 í um 20 stöðugildum.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs og er það skemmtileg og góð viðbót við starfsmannahópin á sumrin.

4.4

Fundur

Tveir starfsmannafundir verða á árinu og verða þeir nýttir til undirbúnings starfsins og/eða fræðslu.

Deildarfundir eru haldnir að degi til þar sem rætt er um starfið, skipulagið og börnin.

Deildarstjórafundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði. Þar eru rædd þau mál sem eru efst á baugi og jafnframt teknar ákvarðanir um starf næstu vikna.

Fagfundir eru haldnir einu sinni á önn. Þar eru rædd uppeðismál, skipulag og annað sem varðar starfið.

Skilaboðafundir eru að morgni. Þar er komið á framfæri skilaboðum sem þurfa að berast öllum og eru þau skráð í bækur og á skilaboðatöflur deilda.

Samráð er við sérkennslustjóra eftir þörfum.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri fara hver í sinn handleiðsluhóp nokkrum sinnum yfir árið. Í handleiðslu eru ýmis málefni rædd sem varða starfið. Markmiðið er að styrkja stjórnendur í starfi.

Starfsmenn sækja námskeið og fyrirlestra á vegum Kópavogs, Háskóla Íslands, Rannung eða hjá öðrum endurmenntunarstofnunum. Vorið 2020 verður farið í námsferð til Finnlands.

4.5

Skipulagsdagar 2019 - 2020

Skipulagsdagar verða sex á árinu og þeir nýttir til að efla fagþekkingu, í hópefli og skipulag starfsins.

Sjötti skipulagsdagurinn er fenginn fjórða hvert ár þegar leikskólinn fer í námsferð.

27. september verður hópefli og unnið að verkefnum haustsins.

21. nóvember verður farið yfir skipulagið og starfsáætlun og vorönn skipulögð.

2. janúar verður farið í endurmat og deildafundir haldnir.

23. mars verða áætlanir leikskólans metnar, dagskrá sumarsins skipulögð og ný starfsáætlun gerð.

20 - 24. maí verður farið í námsferð til Finnlands.

4.6

Endur- og símenntunaráætlun 2018 - 2019

Starfsfólk sótti námskeið og fyrirlestra á vegum Kópavogsbæjar, Háskóla Íslands, Rannung og annarra endurmenntunarstofnanna. Skipulagsdagar voru einnig nýttir að hluta eða öllu leyti til símenntunar.

Skipulagsdagar

12. október var farið í Jötunheima á Selfossi. Þar var kynning á Lubbastarfi og unnið síðan úr þeirri ferð.

19. nóvember var unnið með Lubbastarfið og vinnulýsingar ásamt deildafundum.

2. janúar var endurmat á starfi haustsins, vorönn undirbúin og deildafundir.

19. mars var endurmat á vinnulýsingum sem og heilbrigði og velliðan.

17. maí var kynning á heimsmarkmiðunum, Art og Verkferakistunni, almennur starfsmannafundur, endurmat á skólastarfinu og gerð umbótaáætlun ásamt því að endurskoða nokkrar vinnulýsingar.

Námskeið og fyrirlestrar

Leikskólastjóri fór á námskeið hjá Endurmenntunarstofnun HÍ um kulnun.

Leikskólastjóri ásamt aðstoðarleikskólastjóra fóru á ráðstefnu sem haldinn var á vegum FSL (Félags stjórnenda í leikskólum).

Leikskólastjóri ásamt aðstoðarleikskólastjóra fóru á ráðstefnu hjá Rannung: „Hver ákveður hvað er börnum fyrir bestu“. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á kynningu/örnámskeið um heimsmarkmið, persónuvernd, atvikaskráningu og barnasáttmála.

Leikskólastjóri, leikskólakennari og formaður foreldraráðs fóru á fund um mikilvægi náms.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á ráðstefnuna Flæði í starfi.

Leikskólastjóri fór á námskeið um Hljóm.

Sérkennslustjóri ásamt deildarstjóra fóru á námskeið í ART.

Allir deildarstjórar fóru á fyrsta hluta deildarstjóranámskeiðs í júní sem verður fram haldið í vetur. Sterkari með mér – hugarfar skiptir máli.

Deildarstjórar yngri deilda fóru á námskeið á vegum leikskóladeildar um sýn á yngstu börnin.

Fimm leikskólakennarar fóru á námskeið um vináttuverkefni Barnaheilla.

Tveir deildarstjórar ásamt tveimur leiðbeinendum af eldri deildum fóru á sex skipta námskeið á vegum Kvan sem bar yfirskriftina „Verkferakistan“.

Starfsfólk eldhúss fór á námskeið um fæðuóþol og heilsumatseðla.

Allir starfsmenn fóru á fyrirlestur um persónuvernd.

Allir starfsmenn fóru á Lubbakynningu í Jötunheimum.

Fundir

Trúnaðarmenn FL og SFK fóru á aðalfundi sinna félaga.

Deildarstjóri er í sjúkrasjóði KÍ.




Leikskólakennari var í stjórn annarrar deildar.

4.7

Þátttaka í rannsóknum

Börn úr leikskólanum (með leyfi foreldra) voru þátttakendur í vinnu við að staðla málþroskapróf fyrir leikskólabörn á aldrinum 4 - 6 ára. Málþærni eldri leikskólabarna (MELB).

Ábyrgðarmaður: dr. Þóra Másdóttir talmeinafræðingur og lektor við HÍ. Meðhöfundar: dr. Jóhanna Einarsdóttir talmeinafræðingur og dósent við HÍ, Ingibjörg Símonardóttir talmeinafræðingur og sérkennari, dr. Sigurgrímur Skúlason, sérfræðingur hjá Námsmatsstofnun og aðjúnkt við HÍ.



Á meðfylgjandi súluritum má sjá fjölda barna sem nutu sérkennslu, á móti þeim fjölda sem þurfti ekki á sérkennslu að halda, á árunum 2017 - 2019. Um er að ræða ýmis frávík varðandi málþroska og félagsfærni.

5 Börn

5.1

Í desember 2019 voru 89 börn í Dal.

Dvalartímar dag hvern voru 702

Barngildin voru 112,25

Fjöldi stunda yfir daginn skiptist eftirfarandi:

- 1 barn í 6 klukkustundir
- 6 börn í 7 - 7,5 klukkustundir
- 82 börn í 8 - 9 klukkustundir

Aldursskipting eftir árum:

- 22 börn fædd 2013
- 15 börn fædd 2014
- 19 börn fædd 2015
- 28 börn fædd 2016
- 4 börn fædd 2017
- 1 barn fætt 2018

Þjóðerni:

- 6 börn eru af erlendum uppruna (tví- eða þrítyngd)
- 83 börn eru íslensk.

5.2

Sérkennsla

Öll börn eiga rétt á því að fá kennslu við hæfi. Ef barn þarf á sérstakri aðstoð að halda er ávallt haft samráð við foreldra.

Framkvæmd sérkennslu er á ábyrgð allra starfsmanna en sérkennslustjóri skipuleggur þá vinnu í samstarfi við deildarstjóra. Að öllu jöfnu er barn ekki tekið út af deild í einstaklingskennslu heldur er unnið með fleiri börn í hóp.

Lögð er áhersla á að efla og styrkja hvert barn ásamt því að veita hverju barni viðfangsefni við sitt hæfi. Framkvæmdar eru ýmsar athuganir og bæði kennurum og foreldrum veitt ráðgjöf. Þegar þess þarf með fylgir sérkennslustjóri eftir málum þeirra barna sem fara í grunnskóla.

Börn sem nutu sérkennslu veturinn 2018-2019 voru 22. Tólf drengir og tíu stúlkur. Um var að ræða ýmis frávík varðandi málþroska, fínhyrfingar og félagsfærni. Fjögur börn fengu einstaklingskennslu og var unnið með þeim samkvæmt einstaklingsáætlun í samráði við foreldra.

Sérkennslustjóri heldur utan um vinnu með börn sem þurfa sérkennslu, sem fer að mestu leyti fram inni á deildum, í fámennum hópum. Hóparnir verða málörvunarhópur, leikhópur og vinahópur. Nýtt verða verkefni úr; Lubbi finnur málbein, Leikum og lærum með hljóðin og Orðagull. Starfið í hópnum er endurmetið reglulega.

Í málörvunarhópum er áhersla lögð á almenna málörvun, auka orðaförða, bæta frásögn, æfa setningaskipan, hlustun og að fara eftir fyrirmælum. Í leikhópum er áhersla á fínhyrfingar, samskipti og börnin hvött til þátttöku. Í vinahópum er áhersla á félagsleg samskipti, hegðun og atferli. Hóparnir eru aldursskiptir og er hver stund 20 til 30 mínútur í senn, tvisvar í viku.

Umbótaáætlun vegna sérkennslu

Áfram verður unnið að því að færa sérkennsluna inn á deildar þar sem það skilar sé tvímælalaust í bættri líðan barnanna.

Sú nýjung varð á síðasta skólaári að sérkennslan færðist að miklu leyti inn á deildar. Þar sem það reyndist mjög vel mun það verða gert enn meira og markvissara fyrir alla.



- Á heimasíðu leikskólans www.dalur.kopavogur.is má finna ýmsar upplýsingar um leikskólann.
- Leikskólinn er með læsta myndasíðu á www.123.is.

Dagleg samskipti og upplýsingastreymi eru mikilvægir þættir til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi foreldra og leikskóla.

6 Foreldrasamstarf

6.1

Stefna og áherslur

Dagleg samskipti og upplýsingastreymi eru mikilvægir þættir til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og leikskóla.

Áhersla er lögð á góð dagleg samskipti við foreldra. Leitast er við að koma til móts við óskir þeirra svo framarlega að það komi ekki niður á gæðum leikskólastarfsins, aðbúnaði og umönnun barnanna.

Mikilvægt er að foreldrar láti vita ef þeir eru ánægðir með starfið en einnig hvað hægt er að gera betur.

Lögð er áhersla á ...

- að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna.
- að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans.
- að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans.
- að eiga jákvæð dagleg samskipti við foreldra.
- að halda fundi fyrir foreldra og kynna starfið.
- að hafa foreldrasamtöl í það minnsta einu sinni ári, en foreldrar geta óskað eftir fleiri samtölum.
- að miðla upplýsingum til foreldra munnlega eða skriflega á töflur við deildir og í gegnum netpóst og heimasíðu.

6.2

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskólans og leikskólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldraráð er skipað þremur foreldrum ásamt leikskólastjóra.

Starfsreglur og fundargerðir foreldraráðsins eru birtar á heimasíðu leikskólans.

Markmið foreldraráðs er að styðja við starf leikskólans.

Verkefni foreldraráðs eru:

- að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um starfsáætlun, skólanámskrá, þróunarverkefni og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.
- að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir foreldra.
- að gefa umsagnir um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

6.3

Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Mikilvægt er að foreldrar séu vel upplýstir um starf leikskólans og vinnu barna sinna.

- Nýjum foreldrum er sendur/afhentur bæklingur með upplýsingum um leikskólann og starfsemi hans.
 - Kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna er ávallt í maí hvert ár. Þeir foreldrar sem ekki geta nýtt sér fundinn koma í viðtal til leikskólastjóra.
 - Foreldrasamtöl eru skipulögð einu sinni á ári, en foreldrar geta óskað eftir fleirum.
 - Haldnir eru fundir með foreldrum, kennurum, sérkennslustjóra og öðrum fagaðilum þegar þess er þörf.
- Handbók foreldrafélagsins/ráðsins má finna á heimasíðu leikskólans.*

6.4

Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann, en eru sérstaklega boðnir í foreldrakaffi fyrir jólin, mömmu- og pabbamorgna, viðurkenningarhátíð elstu barnanna og afmæli leikskólans.

Foreldrar taka einnig þátt í og/eða aðstoða við hina ýmsu viðburði í leikskólanum og/eða þegar farið er í lengri ferðir. Tekið er vel á móti þeim sem mæta á hina ýmsu viðburði, en ekki er formlega boðið til þátttöku í öllum hefðum og hátíðum.

6.5

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og fundar nokkrum sinnum yfir árið.



Dalur á í samstarfi við hina ýmsu aðila meðal annars leikskólann Núp og Lindaskóla og nýttir sér sögustundir í bókasafni.

Stjórn foreldrafélagsins hefur tekið þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða í leikskólanum, svo sem jólastundar fyrir foreldra og börn, möndlugjafa í desember, leikrita, útskriftarferðar fyrir elstu börnin og rútu fyrir sveitaferð.

Foreldrasjóður er í leikskólanum og er hann nýttur til að greiða ýmsan kostnað við ofangreinda viðburði.

Fundargerðir foreldrafélagsins eru birtar á heimasíðu leikskólans.

Markmið foreldrafélagsins er ...

- að efla samvinnu foreldra og kennara leikskólans.
- að efla samvinnu foreldra innbyrðis og til að tryggja hagsmuni barnanna.
- að taka þátt í ýmis konar starfssemi leikskólans og viðburðum.
- að hvetja foreldra til að taka virkan þátt í starfi leikskólans.

7

Samstarf við ýmsa aðila

7.1

Samstarf við grunnskóla

Leikskólarnir Dalur og Núpur og Lindaskóli eiga með sér samstarf sem er skipulagt í upphafi hvers vetrar. Kennarar fyrstubeckinga, yfirmaður dægradvalar og kennarar elstu barna leikskólans hittast til skrafs og ráðagerða og skipuleggja heimsóknir.

Elstu börn leikskólanna fara í heimsókn í fyrstu bekkina, dægradvöl, samstund og í útikennslu. Þau fara einnig í leikfimitíma og borða einu sinni í matsal grunnskólans.

Fyrsti bekkur heimsækir leikskólana og allar deildir nýta sér sögustundir á bókasafni. Aðstaða í dægradvöl grunnskólans er notuð einu sinni í viku fyrir hópastarf elstu barnanna.

Á þemadögum Lindaskóla komu til okkar 27 nemendur úr 8. og 9. bekk (skipt upp á tvo daga). Þemað var lestur og las hver nemandi að minnsta kosti eina bók fyrir eitt eða fleiri börn. Var dásamlegt að hafa þau hjá okkur og leikskólabörnin áttu mjög góða stund með þeim.

7.2

Samstarf við aðra

Leikskólinn á í samstarfi við hina ýmsu aðila svo sem aðra leikskóla, leikskólafulltrúa, leikskólaráðgjafa, sálfræðinga, sérkennsluráðgjafa, sérkennslufulltrúa, talmeinafræðinga, iðjubjálfa, sjúkrapjálfa, Félagsþjónustu Kópavogs, barnavernd, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, hjúkrunarfræðinga og lækna ásamt ýmsum birgjum og heilðsölum.

7.3

Nemar

Veturinn 2019 - 2020 verða fimm starfsmenn Dals, leikskólaliði, tveir leiðbeinendur, aðstoðaleikskólastjóri og uppeldis- og menntunarfræðingur í námi við H.Í.

Einn nemi frá HÍ var á Bláu lind í vetur.



Í leikskólanum er
starfið í stöðugri
þróun og ýmsir
matslistar notaðir
til að meta
starfið.

8

Mat og matsaðferðir

8.1

Í leikskólanum er starfið í stöðugri mótun og þróun og þar á sér stað sífellt endurmat. Ýmsir matslistar eru notaðir til að meta starfið.

Nemendur

Hljóm2 er íslenskt aldursbundið próftæki í leikjaformi, sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð- og málvitund) 5 ára barna. Hljóm2 er lagt fyrir að hausti ár hvert. Niðurstöður geta gefið vísbendingar um gengi lestrarnáms.

EFI-2 er málþroskaskimun, sem kannar málskilning og tjáningarfærni barna á fjórða aldursári. Niðurstöður gefa vísbendingar um hvar barnið er stadd í málþroskaferlinu.

Tras er skráningarlisti til að fylgjast með málþroska 2 til 5 ára barna og er lagður fyrir ef þörf þykir.

Leikskólabörnin meta starfið árlega fyrir afmæli leikskólans og eru matsaðferðir breytilegar.

Kennarar

Sérhannaðir listar eru notaðir annað hvert ár til að meta samstarf og samskipti starfsfólksins.

Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári.

Starfsfólkið endurmetur leikskólastarfið reglulega með ýmsum hætti.

Foreldrar

Foreldrar meta annað hvert ár starfsemi leikskólans. Spurningakönnun er þá send rafrænt til foreldra frá leikskólaskrifstofu. Niðurstöður gefa kennurum leikskólans góðar vísbendingar um það hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara í starfinu.

Könnun er gerð á aðlögun nýrra nemenda.

Könnun er gerð á flutningi nemenda á milli deilda.

8.2

Mat síðastliðins starfsárs og niðurstöður

Mat starfsmanna

Starfsmannasamtöl voru vorið 2019. Þar var rætt um hvað vel er gert og hvað er hægt að bæta. Þar kom meðal annars fram að starfsmönnum líður vel í vinnunni.

Það sem má bæta er meðal annars að auka samstarf milli deila og vanda samskipti.

Matslistar um heilbrigði og vellíðan

Nýir matslistar voru notaðir þetta árið og voru nokkrar athugasemdir sem komu út úr þeirri vinnu. Flest sem spurt var um fékk góða umfjöllun og gengur vel.

Fataherbergi: Þarf að gefa börnunum meiri tíma þar sem það er þröngt í fataherbergi og erfitt aðgengi barna að fatnaði.

Matartíminn: Getur verið hávaðasamur, mörg börn í sama rými.

Í hópastarfi þarf að vera meira næði, færri börn í hópi.

Annað: Erfitt að koma fyrir hvíld á eldri deildum en gengur vel á yngri. Þyrfti fleiri salerni á eldri deildum.

Listaskáli er kuldalegur og hentar ekki allra yngstu börnunum.

Aðgengi að leikefni er ekki allt í hæð barnanna.

Könnun á aðlögun

Haustið 2018 voru 17 börn í aðlögun og var foreldrum þeirra send könnun um aðlögunina. Þátttaka í könnunni var 99%. Þar af töldu 90% foreldra að fyrstu kynni af leikskólanum hafi verið



**Efla sjálfsvitund, samskipti og sam-
hug og rýna til
gagns. Að vera
lausnaleitandi er
verkefni sem er
ætið í gangi.**

mjög góð, vel staðið að móttöku barnanna og kynningu á starfinu. Tæplega 90% þótti vel staðið að móttöku foreldra og að aðlögunin hafi gengið mjög vel. 75% voru sáttir við tímalengd aðlögunarinnar. Ábending kom fram um að fara betur eftir skipulagi í þátttökuaðlögun.

Könnun á aðlögun milli deilda

Foreldrar upplifðu hlýlegt viðmót og voru ánægðir með hvað gekk vel að kynnast/aðlagast nýju deildinni.

Foreldrar óskuðu eftir að fá meiri upplýsingar um hvernig dagurinn gekk fyrir sig í aðlöguninni.

8.3

Mat á starfsáætlun síðastliðins starfsárs og niðurstöður

Það gekk vel að leggja áherslu á talað mál, mál- og læsishvetjandi umhverfi.

Merkja má betur muni, til dæmis klukka, gluggi og borð.

Niðurstaðan varð að hafa frekar læsismánuð en tvo læsisdaga á önn.

Lubbi finnur málbein var í hópastarfi og unnið með málhljóðin ásamt öðrum Lubbaverkefnum. Unnið var með landakortið á eldri deildum. Þurfum að vera enn markvissari í að syngja Lubbalögin bæði á deildum og í salnum.

Gekk ekki nægilega vel að koma Lubba inn í frjálsa leikinn.

Vinna með Blæ gekk vel þó ekki væri það markvisst í hópastarfi. Lesin var vinasaga, Blæspjöldin notuð þegar tækifæri gáfust. Yngri deildir fengu tösku og verkefni eftir áramót og hófst þá meiri vinna með Blæ á þeim deildum.

Vinanudd var ekki markvisst tvisvar sinnum í viku í hvíld á eldri deildunum.

Á yngri deildunum fara börnin með Blæ í hvíld.

Nuddstundir fyrir alla gengu ekki eftir.

Áhersla lögð á stærðfræði í daglegu starfi/þjónn/taka til, telja í leiðinni.

Allir sammála um að hafa frekar stærðfræðimánuð en daga. Gekk mjög vel að hafa *verslun* í salnum.

Gekk vel að vinna með börnunum í þemanu *ég sjálfur*, heimaþekkingu og formunum í samræmi við aldur og þroska.

Að vera lausnaleitandi er verkefni sem er ætið í gangi.

Það eru allir meðvitaðir um að vanda málfar og framkomu við alla sem að leikskólanum koma.



Garðurinn hefur mikil áhrif hvað náttúru og sjálfbærni varðar en mætti fara oftar út fyrir garðinn. Yngri deildir fóru í fleiri ferðir. Allir meðvitaðir um sjálfbærni.

Allt starf miðar að því að sinna öllum námsþáttum samkvæmt aðal-námsskrá og miða verkefni við aldur og þroska barnanna. Má alltaf vera duglegri við að nýta spil í starfi með börnunum.

8.4

Umbótaáætlun og áherslur

Læsismánuður verður í nóvember

Stærðfræðimánuður verður í febrúar.

Halda áfram að dýpka vinnu með Lubba og Blæ.

Virkja foreldra í læsismánuði.

Ein af hópastundunum verði framvegis tileinkuð Lubba.

Setja söngtexta á heimasíðu og/eða senda heim.

Syngja alltaf Lubbalög í samstund í sal á föstudögum.

Setja Lubba inn í frjálsa leikinn.

Hafa Lubba og Blæ aðgengilega fyrir alla.

Samræma vinnuna með Blæ.

Vinna með heimsmarkmiðin og barnasáttmálann.

Fara í fleiri vettvangsferðir.

Á eldri deildum bæta inn *verkfærakistunni* í vinnu með börnum.

Kennarar séu ávallt góðar fyrirmyndir og vandi málfar sitt.



Öryggisnefnd
hefur eftirlit með
aðbúnaði barna
og starfsmanna
og er í samstarfi við
Vinnueftirlitið og
heilbrigðisettirlitið.

9 Öryggismál

Í Dal er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð.

9.1 Öryggisnefnd

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsmanna og er í samstarfi við vinnueftirlitið og heilbrigðiseftirlitið. Í öryggisnefnd sitja leikskólastjóri og einn starfsmaður. Nefndin hittist tvisvar á ári og fer yfir öryggisatriði er varða húsnæði og garð leikskólans.

Gert er áhættumat og aðgerðaráætlun varðandi öryggi í innra starfi leikskólans einu sinni á ári og oftast ef þörf þykir, til þess eru nýttir vinnuumhverfisvísar frá Vinnueftirlitinu.

Starfsfólk leikskólans kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf úti eða inni um leið og þeir verða þess varir. Öryggis-

nefnd bregst eins fljótt við og mögulegt er og hefur samband við þá aðila sem sjá um úrbætur.

Á hverjum degi er farið yfir leiksvæði barnanna úti og kannað hvort allt sé í lagi. Nokkrum sinnum á ári eru brunabjöllurnar settar af stað og börnin læra að fara að næstu merktu útgönguleið og starfsfólkið fær æfingu í að fara eftir brunaáætlun leikskólans.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, vinnueftirlitið, heilbrigðiseftirlitið og eftirlitsmaður lóða gera úttekt einu sinni á ári. Öryggislýsingar og slökkvitæki eru einnig yfirfarin einu sinni á ári. Leikskólastjóri og yfirmaður fasteigna fá niðurstöður úttekta og bregðast við ef þörf þykir.

Leikskólinn Dalur tók þátt í að skrá slys í gegnum forrit, sem heitir *Atvik* og er á netinu í samstarfi við VÍS. Þessi skráning er komin stutt á veg þannig að áfram voru skráðar slysaskýrslur.

Árið 2018 slösuðust 12 börn (7 drengir og 5 stúlkur). Af þeim urðu 5 slys á útisvæði og 7 inni. Um var að ræða fall, högg og klemmuslys. Hlutust af því skurðir, skrámur og eitt tannsls.

Árið 2017 slösuðust 8 börn (6 drengir og 2 stúlkur). Af þeim urðu 6 slys á útisvæði og 2 inni. Um var að ræða fall, högg og bruna. Hlutust af því skurðir, skrámur og eitt tannsls.

Árið 2016 slösuðust 8 börn (4 drengir og 4 stúlkur) fjögur slysanna urðu á útisvæði og fjögur innandyrna. Um var að ræða fall eða högg, eitt fótbot, eitt handleggsbot, heilahristing, skurði og skrámur.

9.2 Umferðaöryggisáætlun

Tilgangur og markmið áætlunarinnar er að fræða börnin um helstu hættur í umferðinni og búa þau undir að fara ein og óstudd út í umferðina. Einnig að virkja börn, foreldra og starfsfólk til að vera góðar fyrirmyndir í umferðinni.

9.3 Áfallaráð

Áfallaráð, sem í sitja aðstoðarleikskólastjóri, leikskólakennari og deildarstjóri. Markmið áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barns og/eða starfsmanna svo sem varðandi slys, sorg eða einelti.

Áfallaráð hefur meðal annars til hliðsjónar jafnréttisáætlun Kópavogs og áætlun gegn einelti. Ef upp koma mál sem áfallaráð vinnur með hittist ráðið eins oft og þurfa þykir.

Við tökum
fagnandi á móti
nýjum áskorunum
og tækifærum
skólaárið 2019-
2020 til að gera
gott starf betra.



Við höfum mætt ýmsum áskorunum á síðasta starfsári, svo sem að hafa umhverfið meira læsishvetjandi og að þróa vinnuna með *Lubbi finnur málbein* og vináttuverkefni Barnaheilla; Blæ. Skólaárið 2019 - 2020 verður lögð enn meiri áhersla á kennslu í hópastarfinu.

Ýmis vinna hefur bæst við leikskólastarfið þó svo það varði börnin ekki beint. Mikil áhersla og vinna hefur farið fram hvað varðar persónuvernd. Einn þáttur þeirrar vinnu er skjal fyrir foreldra um samþykki fyrir myndatöku og birtingu myndefnis.

Vinna með heimsmarkmiðin og barnasáttmálann verða ofarlega á verkefnalistanum á næsta skólaári. Sú vinna felst helst í því að máta þau markmið við okkar skólastarf.

Unnin hefur verið ný móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn og handbók fyrir foreldrafélagið/ráðið. Starfsmanna-handbók er í endurmati og einnig vinnulýsingar.

Sú nýbreytni var að foreldrafélag Dals og Nups buðu foreldrum og starfsfólki uppá fyrirlestur frá KVAN um sjálfs-traust, jákvæða og neikveiða leiðtoga og jákvæð samskipti.

Þó að starfsáætlun liggi fyrir og markvisst sé unnið eftir henni má ekki gleyma þessum gamalkunnu orðum: „*Stundum verður maður að leggja af stað án þess að þekkja leiðina út í hörgul. Notaðu tækifærið til að hlakka til að lenda í skemmtilegum og óvæntum upþákomum á leiðinni.*“

Sóley Gyða

